




Til hamingju með kaup þín á myPOS Combo posanum sem er byltingakennd hreyfanleg greiðsluvél sem tekur við kredit- og debetkortagreiðslum á öruggan hátt!

Áður en þú byrjar að nota myPOS Combo posann þinn skaltu vinsamlega skrá þig á www.mypos.com til að fá ókeypis rafeyrisreikning og til að virkja myPOS Combo tækið.

Svona hefjumst við handa:



1. Hvernig skal taka við greiðslum

Ýttu á græna takkann (O) til að fara á **Greiðslur** skjáinn og sláðu inn upphæð færslu. Staðfestu með því að ýta á græna takkann (O). Settu kortið í raufina á botni posans, renndu því eða haltu kortinu eða snjallsímanum fyrir ofan NFC lesarann - eftir því hvernig kort viðskiptavinur þinn er með - til að vinna úr greiðslunni.


2. Hvernig skal ógilda færslu

Aðeins er hægt að ógilda síðustu greiðslu eða endurgreiðslu sem gerð var. Til að ógilda færslu skaltu fara á heimaskjáinn og ýta á **Valmynd** takkann. Veldu **Ógilda síðustu færslu** og staðfestu með græna takkanum (O).



3. Hvernig skal gera endurgreiðslu

Ýttu á **Valmynd** takkann á heimaskjánum. Veldu **Endurgreiðsla** og staðfestu með græna takkanum (O). Sláðu inn upphæð endurgreiðslu og ýttu á græna takkann (O) til að staðfesta. Settu inn, renndu eða haltu kortinu eða snjallsímanum fyrir ofan NFC lesarann og sláðu inn PIN-númer ef þarf.



4. Hvernig skal gefa út afrit

myPOS Combo greiðsluvélin mun sjálfkrafa prenta út afrit fyrir söluaðila þegar færsla hefur farið í gegn. Eftir 3 sekúndur prentar tækið svo út afrit fyrir viðskiptavin.

5. Hvernig skal gera áfyllingu

Ýttu á **Valmynd** á heimaskjánum og síðan á Hreyfanlegt Top-up. Sláðu inn farsímanúmer með landakóða og staðfestu með græna takkanum (O). Veldu fjarskiptafyrirtæki viðskiptavinar og sláðu inn eða veldu upphæð áfyllingar. Staðfestu með græna takkanum (O). Upplýsingar um færsluna koma þá upp.

6. Hvernig skal senda greiðslubeiðni

Ýttu á **Valmynd** takkann á heimaskjánum og svo á Senda greiðslubeiðni. Sláðu inn upphæð beiðninnar og staðfestu með græna takkanum (O). Sláðu inn farsímanúmer viðskiptavinar með landakóða og staðfestu með græna takkanum (O). Settu inn gildistíma greiðslubeiðninnar og staðfestu með græna takkanum (O). Sláðu inn nafn viðtakanda (valfrjálst) og staðfestu með græna takkanum (O). Sláðu inn ástæðu greiðslu (valfrjálst) og staðfestu með græna takkanum (O). Upplýsingar um senda greiðslubeiðni koma upp. Smelltu á hvaða takka sem er til að fara úr valmyndinni.

7. Hvernig skal uppfæra POS hugbúnaðinn?

Það er ekkert mál! Þú færð tilkynningu þegar uppfærsla er fánæg. Þá geturðu einfaldlega gert eftirfarandi:

Ýttu á „FUNC“ takkann og veldu síðan „Uppfæra hugbúnað“. Tækið mun þá sjálfkrafa leita að uppfærslum, hlaða þeim niður og setja þær upp. Ýttu síðan á hvaða takka sem er til að slökkva á tækinu og kveiktu svo á því aftur til að njóta breytinganna!

Þarftu meiri upplýsingar? Skoðaðu FAQ hlutann á www.mypos.com